

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (ÁJ, HjÁ, JónK, GHall, ArnþS, ÞKG, LB, KLM).

1. Við 1. gr.
  - a. Í stað orðanna „3. mgr. 2. gr.“ í inngangsmálgrein komi: 2. mgr. 2. gr.
  - b. Í stað orðsins „takmarkaðri“ í a-lið efnismálgreinar komi: ótakmarkaðri.
2. Við 2. gr.
  - a. Í stað orðsins „þrír“ í inngangsmálgrein komi: fjórir.
  - b. G-liður orðist svo:  
Krá.  
Veitingastaður með takmarkaða þjónustu og einfaldar eða engar veitingar í mat þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar.
  - c. Við bætist nýr liður er verði h-liður og orðist svo:  
Dansstaður.  
Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi sem aðallega hefur opið seint að kvöldi og að næturlagi og aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og dans gesta.
  - d. H-liður, er verði i-liður, orðist svo:  
Næturlúbbur.  
Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og sýningu á nektardansi í atvinnuskyni.
3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:  
Þeim veitingastöðum sem reka starfsemi sem falla undir nýja flokka skv. 2. gr. laga þessara er skylt að uppfylla skilyrði laganna og afla sér tilskilinna rekstrarleyfa fyrir 1. janúar 2001.